

AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000.

Hinn 20. október 1999 var undirritað í Þórshöfn samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2000. Samkomulagið var staðfest af Íslands hálfu 13. júní 2000. Alþingi hafði með ályktun 4. maí 2000 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 28. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000.

Í samræmi við 3. tölul. I. viðauka við sam-
eiginlega bókun frá 20. október 1999 um niður-
stöður fiskveiðiviðræðna milli Evrópubanda-
lagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska
sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-
íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlants-
hafi á árinu 2000 hafa verið gerðir sérstakir tví-
hliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilög-
sögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrir-
komulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2000 heimilt
að veiða allt að 194.200 lestir af síld í fiskveiði-
lögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs
norðan 62°N, þar af að hámarki 8.700 lestir í
efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt
að 138.500 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands
á árinu 2000.

ARRANGEMENT between Iceland and Norway on access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 2000

In accordance with paragraph 3 of Annex I to
Agreed Record dated 20 October 1999 of conclu-
sions of fisheries consultations between the Euro-
pean Community, the Faroe Islands, Iceland, Nor-
way and the Russian Federation on the manage-
ment of the Norwegian Spring Spawning Herring
(Atlanto-Scandian Herring) stock in the Northeast
Atlantic for 2000, separate bilateral arrangements
on access to the respective zones of fisheries
jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland
and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in
2000 to fish 194,200 tonnes of herring in the
Fishery Zone around Jan Mayen or in the Nor-
wegian Economic Zone north of 62° N of which a
maximum of 8,700 tonnes of herring may be fished
in the Norwegian Economic Zone north of 62° N.

Norwegian fishing vessels are granted access
in 2000 to fish 138,500 tonnes of herring in the
Icelandic Economic Zone.

Nr. 16

28. júní 2000

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Gjört í Þórshöfn 20. október 1999.

Done at Tórshavn, 20 October 1999

Fyrir hönd norsku
sendinefndarinnar:
Stein Owe

Fyrir hönd íslensku
sendinefndarinnar:
Eiður Guðnason

For the Norwegian
delegation:
Stein Owe

For the Icelandic
delegation:
Eiður Guðnason